

24. júní 1974.

361

Nr. 183.

REGLUR

um tollmeðferð sendiferðabifreiða.

Fjármálaráðuneytið setur hér með eftirfarandi reglur um sendiferðabifreiðar samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36 í lögum nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl.

1. gr.

Bifreið telst því aðeins sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.0236, að hún sé undir 3 tonnum að burðarþoli, yfirbyggð og gerð til flutnings á varningi, og fullnægi að öðru leyti eftirfarandi skilyrðum:

1. Að í bifreiðinni sé aðeins sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hlið hans.
2. Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurúm ekki styttra en 135 sm og í því engin sæti, hvorki föst né laus, eða nokkur annar umbúnaður ætlaður til að festa í sæti eða annan útbúnað til flutnings á fólki.
3. Að ekki séu gluggar á hliðum bifreiðarinnar fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra eða farþega við hlið hans.

Bifreiðin skal auðkennd með sérstökum merkjum, bókstafnum S, rauðum á hvítum grunni, er skulu fest á bifreiðina hjá skrásetningarnúmerum hennar, og er óheimilt að fjarlægja merkin af bifreiðinni, meðan kvöð samkvæmt yfirlýsingu gefinni á grundvelli 2. gr. helst.

Í skoðunarvottorði bifreiðarinnar skal þess getið, að hún sé tollafgreidd sem sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36.

2. gr.

Bifreið fær því aðeins tollmeðferð sem sendiferðabifreið samkvæmt tnr. 87.02.36, að eigandi hennar gefi við tollafgreiðslu skriflega yfirlýsingu um eftirtalin atriði:

- a. Að bifreiðinni skuli ekki breytt svo næstu 3 ár frá tollafgreiðsludegi, að hún fullnægi ekki lengur skilyrðum 1. gr. reglna þessara og hefði því þannig breytt fallið undir hærri tollflokk við innflutning.
- b. Að sé brotið í bága við þetta, skuli þegar greiddur af bifreiðinni mismunur þeirra aðflutningsgjalda, sem af henni voru greidd við innflutning, og þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða átti af henni, ef framangreind yfirlýsing hefði ekki verið gefin, þó að frádreginni $33\frac{1}{3}\%$ fyrningu fyrir hvert ár frá tollafgreiðsludegi.

Bifreiðin skal vera að lögveði fyrir greiðslu þeirri, er um ræðir í b-lið hér að framan, og má tollyfirvald láta taka bifreiðina úr umferð og selja hana samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga nr. 59/1969, ef greiðslan er ekki innt af hendi.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað, og jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 191/1964.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1974.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um greinarmerkjasetningu. Viðauki við auglýsingu nr. 133/1974.

Við 6. gr. bætist:

3. Komma milli aukasetninga.

Milli aukasetninga skal aldrei setja kommur, nema innskotssetning sé eða þær standi í setningarunum, sbr. 7. gr.

Menntamálaráðuneytið, 24. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.